

5. gr.

Markmið sjóðsins skal vera, að hlúa að þeim menntastofnunum, sem starfa á Ísafirði, m. a. með tækjakaupum til þeirra.

Einkanlega ber sjóðnum að efla sjómannafræðslu á Ísafirði og hvers konar fræðslu- og vísindastörf í tengslum við atvinnuvegina.

6. gr.

Sjóðsstjórnin metur, hvenær hún telur sjóðinn hafa bolmagn til styrkveitinga.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Ísafjörður, 7. júní 1973.

Í stjórn Sjóðs til stuðnings menntastofnunum á Ísafirði

Pétur Sigurðsson Kristján Jónsson
fulltrúi Alþýðusambands Vestfjarða. fulltrúi Sjómannadagsráðs Ísafjarðar.

Jón Baldvin Hannibalsson Jón Páll Halldórsson
fulltrúi Menntaskólans á Ísafirði. fulltrúi Útvegsmannafélags Vestfjarða.

Aage Steinsson
fulltrúi Iðnskóla Ísafjarðar.

AUGLÝSING

um skipulag í Borgarhafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Borgarhafnarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu. Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

A R Ð S K R Á

Veidifélags Þingvallavatns.

	Einingar
Djóðgarður	17.5
Arnarfell	5.5
Mjóanes	10.5
Miðfell	9.0

	Einingar
Kaldárhöfði	3.0
Steingrímsstöð	0.5
Villingavatn	3.5
Ölfusvatn	5.5
Krókur	2.5
Hagavík	4.5
Nesjavellir	4.5
Nesjar	8.0
Heiðarbær I	5.5
Heiðarbær II	5.5
Skálabrekka	5.0
Kárastaðir	5.5
Brúsastaðir	1.5
Sandey	2.5
	100.00

Arðskráin gildi næstu fimm ár.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. nóvember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

BRUNAMÁLASAMÞYKKT

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I.

Stjórn brunamála.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar skal annast og kosta brunaeftirlit og brunavarnir í kaupstaðnum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 55 22. maí 1969 um brunavarnir og brunamál, og reglugerðar þessarar, og hafa eftirlit með, að þeim sé hlýtt.

2. gr.

Brunamálanefnd fer með brunamálefni bæjarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Slökkviliðsstjóri eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri skal sitja fundi brunamálanefndar með málfrelsi og tillögurétti, en ekki atkvæðisrétti.

Brunamálanefnd skal skipuð 5 mönnum, sem kosnir eru af bæjarstjórn. Brunamálanefnd kys sér formann úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Brunamálanefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um öll mál, er snerta brunamál kaupstaðarins.

Bæjarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra, til þriggja ára í senn og aðra starfsmenn slökkviliðsins, að fengnum tillögum brunamálanefndar, er